Reglur Skagafjarðar um fjárhagsaðstoð, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum

I. kafli

Almenn atriði

1. gr.
Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 18. og 19. gr. þessara reglna.

Virða skal sjálfsákvörðunarrétt umsækjenda og þeir studdir til sjálfshjálpar, virkrar þátttöku og valdeflingar í mótun þjónustu sem að þeim snýr sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsleg ráðgjöf skal standa umsækjanda til boða, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 9. gr. reglna þessara. Skal þjónustan miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði Félagsmála- og tómstundanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.
Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.
Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þessar.
Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika sbr. 2. gr. laga um lögheimili nr. 80/2018. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

4. gr.
Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 26. gr. þessara reglna og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán eru vaxtalaus.

Þegar umsækjandi bíður eftir greiðslum til framfærslu frá öðrum opinberum stofnunum, svo sem lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun eða greiðslum atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun, skal meginreglan vera sú að ef einstaklingur á mögulega rétt á greiðslum frá tveimur aðilum fyrir sama tímabil þá skal fjárhagsaðstoð veitt sem lán til framfærslu. Þá skal horft til þess hvort umræddar greiðslur eru greiddar fyrirfram eða eftir á og fjárhagsaðstoð greidd í samræmi við það.

Heimilt er Félagsmála- og tómstundanefnd að greiða niður hluta launakostnaðar í atvinnu með stuðningi ef fyrir liggur samkomulag Fjölskylduþjónustunnar, vinnuveitanda og umsækjanda um slíkt fyrirkomulag.

5. gr.
Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Undantekning frá þessu ákvæði er þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans munu ekki breytast. Er þá heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn.

Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Umboðsmanns skuldara ef við á.

Fjárhagsaðstoð er ekki greidd lengra aftur í tímann en einn mánuð. Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Í undantekningartilvikum er heimilt að mánaðarlegrifjárhagsaðstoð verði dreift með jöfnum greiðslum yfir mánuðinn vegna sérstakra aðstæðna.

II. kafli
Umsókn um fjárhagsaðstoð

6. gr.
Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Skagafjarðar. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði í afgreiðslu Ráðhússins, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd. Í sérstökum tilvikum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir.

Umsókn skal fylgja síðasta staðfesta skattframtal, staðgreiðsluyfirlit RSK, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Fæðingarorlofssjóði, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum aukbarnabóta, mæðra- og feðralauna og meðlaga eftir því sem við á. Einnig ber að skila skattframtali og eignayfirlýsingu frá ríkisfangslandi hafi viðkomandi eða sambúðaraðili búið erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári. Þá skulu eftir atvikum liggja fyrir upplýsingar um lánshæfismat og skuldastöðu frá Creditinfo.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis ásamt staðfestingu á réttindastöðu sinni hjá Vinnumálastofnun og greiðslu bóta. Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkni, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil, sbr. 12. gr. reglna þessara.

Eigi umsækjandi ekki bótarétt hjá Vinnumálastofnun þarf hann að sýna fram á virka atvinnuleit. Ef umsækjandi sinnir ekki virkni án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil sbr. 12. gr.

Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda eða hann er ekki fær um að sinna atvinnu vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði sem skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu, þegar við á.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar getur myndast í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis. Sé erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur/tengdur aðili ábyrgist framfærslu hans, á hann að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Upplýsa ber umsækjanda um möguleg neikvæð áhrif veittrar fjárhagsaðstoðar á umsókn um íslenskan ríkisborgararétt skv. 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd

Umsókn fellur úr gildi ef umbeðin gögn berast ekki innan 14 daga frá móttöku umsóknar

7. gr.
Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Félagsmála- og tómstundanefnd eða starfsmenn hennar geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði og fleirum eftir því sem við á. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita Félagsmála- og tómstundanefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt Félagsmála- og tómstundanefnd og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. kafli
Réttur til fjárhagsaðstoðar
Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

8. gr.
Mat á fjárþörf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu**,** sbr. 9. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 10. gr.

Við mat á fjárhagsaðstoð skal leggja til grundvallar meðaltekjur síðustu þriggja mánaða.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á.

9. gr.
Grunnfjárhæð

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri er miðuð við grunnfjárhæð. Við ákvörðun grunnfjárhæðar eru greiðslur atvinnuleysisbóta hafðar til hliðsjónar. Frá 1. janúar hvert ár er grunnfjárhæð einstaklings miðuð við prósentu af lágmarks atvinnuleysisbótum eins og þær voru í nóvember árið á undan og er ákvörðuð af félagsmála- og tómstundanefnd við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Hægt er að sjá viðmiðunarupphæðir inni á skagafjordur.is.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar vegna einstaklings 18 ára og eldri, sem rekur eigið heimili er með stuðulinn 1.0. Með rekstri eigin heimilis, er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning eða gögn sem staðfesta greiðslu leigu. Ef einstaklingur býr hjá foreldrum eða öðrum og hefur ekki húsnæðiskostnað er grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar með stuðulinn 0,5.

Grunnfjárhæð **hjóna og fólks í sambúð** er með stuðulinn 1.6. Sama gildir um hjón/sambúðarfólk, hafi þau ekki húsnæðiskostnað eru lækkar stuðullinn um 0,5.

Grunnfjárhæð í desembermánuði getur numið allt að einni og hálfri grunnfjárhæð, enda hafi umsækjandi fengið fjárhagsaðstoð mánuðina á undan.

10. gr.
Tekjur umsækjanda

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.fl.

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsnæðis-/vaxtabætur og/eða sérstakur húsnæðisstuðningur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna. Hið sama á við ef umsækjandi á rétt á greiðslum frá öðrum aðilum.

Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, fyrsta mánuð eftir að greiðslum lýkur.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við mat á fjárhagsaðstoð er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, og meðlögum ef við á.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í *grunnfjárhæð*.

11. gr.
Eignir umsækjanda

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal taka mið af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði, sem umsækjandi býr í og bíl sem sannanlega er umsækjanda nauðsynlegur. Sé um aðrar eignir að ræða skal umsækjanda bent á fyrirgreiðslu banka þó svo að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, á eignir sem nýtast geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.Félagsmála- og tómstundanefnd getur veitt undanþágu ef eignir teljast sannanlega nauðsynlegar til að gera viðkomandi kleift að stunda atvinnustarfsemi sem leiða mun til þess að hann verði sjálfbjarga, sbr. 14. gr.

Kanna skal sérstaklega hvort íbúðarhúsnæði sé af eðlilegri stærð miðað við fjölskyldustærð og hvort mögulegt sé að fá ódýrara húsnæði í sveitarfélaginu.

Einnig skal fjalla sérstaklega um málið ef eignastaða umsækjanda, sýnir að viðkomandi ætti að geta séð sér farborða, sbr. 1. mgr. 4. gr.

12. gr.
Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er heimilt að greiða lægri fjárhæð til framfærslu en tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar upplýsingum um skráningu eða greiðslur frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringa.

Sama á við umsækjanda sem á við vímuefnavanda að stríða og neitar að fara í viðeigandi meðferð, svo og umsækjanda sem hafnar félagslegri ráðgjöf eða þátttöku í stuðningsáætlun.

Sama á við umsækjanda sem býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum sem ætla má að taki þátt í framfærslukostnaði umsækjanda með beinum eða óbeinum hætti, eða hann sýnir ekki fram á eðlilegan kostnað vegna húsnæðis með því að leggja fram fullnægjandi gögn.

Taka skal mið af félagslegum aðstæðum barna áður en ákvörðun er tekin um lækkun fjárhagsaðstoðar til einstaklinga sem eru með börn á framfæri. Heimilt er að fella niður skerðingu á framfærslu þegar veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda eiga við með tilliti til barna. Skal þá meðal annars litið til fjölda barna sem eru á framfæri umsækjanda.

Lækkun skv. þessari grein er háð mati leiðtoga farsældar, fræðslu og ráðgjafar en skal borin undir félagsmála- og tómstundanefnd. Lækkun getur numið allt að hálfri *grunnfjárhæð.*

13. gr.
Greiðslur meðlags

Heimilt er að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur einstaklings sem fær greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu sem Skagafjörður greiðir beint til Sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Fjárhagsaðstoð hækkar sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Liggi fyrir

samkomulag við Sýslumanninn á Norðurlandi vestra um greiðslu meðlagsskuldar er heimilt að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur. Skilyrði er að barn/börn umsækjanda séu með lögheimili á Íslandi.

14. gr.
Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastarfi

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur *grunnfjárhæð*, eiga rétt á fjárhagsaðstoð. Í þeim tilvikum er umsækjanda skylt að leggja fram skattframtal og rekstrar- og efnahagsreikning, sem er uppfærður til næstu mánaðamóta fyrir umsóknardag, enda um bókhaldsskyldan rekstur að ræða.

Sé um áframhaldandi umsókn að ræða skal umsækjandi hafa stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir *grunnfjárhæð* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

15. gr.
Mat á tekjum bænda

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggi einnig fyrir greiðslumark búsins, yfirlit yfir bústofn staðfestur af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan. Fjárþörf skal miða við grunnfjárþörf, sbr. 8. gr.

16. gr.
Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema þeir uppfylli skilyrði 19. gr.

IV. kafli
Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

17. gr.
Bráðaaðstoð

Leiðtoga farsældar, fræðslu og ráðgjafar er heimilt í undantekningartilvikum að veita fjárhagsaðstoð til að leysa úr bráðum vanda eða til að koma í veg fyrir hann, s.s. til að leysa út nauðsynleg lyf, greiða ferðakostnað vegna bráðatilvika og brýnan kostnað vegna barna. Aðstoð getur numið allt að ¼ hluta af grunnfjárhæð í hvert skip

18. gr.
Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita foreldrum sérstaka fjárhagsaðstoð, sem hafa haft tekjur undanfarna þrjá mánuði sem eru undir *grunnfjárhæð*, eða tekjur sex undanfarna mánuði lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur (100%). Sama á við umsækjendur sem eiga í slíkum skulda- eða greiðsluerfiðleikum að ráðstöfunartekjur eru undir grunnfjárhæð.

a) Aðstoð til heimila þar sem börnin búa hjá forsjáraðila/-um. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 1/10 hluti *grunnfjárhæðar* á mánuði.

b) Aðstoð vegna skírnar eða fermingar, enda hafi verið látið reyna á heimildir til að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi sérstök framlög samkvæmt barnalögum. Átt er við aðstoð til heimila þar sem börnin búa hjá foreldrum eða foreldri sínu. Styrkur skal að hámarki miðast við grunnviðmið Innanríkisráðuneytisins í slíkum málum. Liggja þarf fyrir að ekki komi frekari greiðslur frá TR eða annars staðar.

c) Aðstoð vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér skal miða við ofangeind tekjumörk undanfarna 12 mánuði eða lengur og leggja mat á aðrar félagslegar aðstæður. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimili er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003 nr. 79 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

19. gr.
Námsstyrkir

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við *grunnfjárhæð* ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

a) Til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika

b) Til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir lágmarksatvinnuleysisbótum (100%) undanfarna tólf mánuði.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða þess, að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

20. gr.
Styrkur vegna húsbúnaðar o.fl.

Heimilt er að veita styrk til húsbúnaðarkaupa þeim, sem er eignalaus og haft hefur tekjur undanfarna þrjá mánuði sem eru undir *grunnfjárhæð*, eða tekjur sex undanfarna mánuði lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur (100%). Sama á við umsækjendur sem eiga í slíkum skulda- eða greiðsluerfiðleikum að ráðstöfunartekjur eru undir grunnfjárhæð:

a) Sem er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
b) Sem hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
c) Ungum foreldrum sem eru að eignast sitt fyrsta barn og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða, til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins, s.s. vagn, rúm eða hliðstæðan búnað.

Viðmiðunarmörk aðstoðar nema einni grunnfjárhæð.
Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

21. gr.
Greiðsla sérfræðikostnaðar

a) Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga þeim sem sem hafa haft tekjur undanfarna þrjá mánuði sem eru undir *grunnfjárhæð*, eða tekjur sex undanfarna mánuði lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur (100%). Sama á við umsækjendur sem eiga í slíkum skulda- eða greiðsluerfiðleikum að ráðstöfunartekjur eru undir grunnfjárhæð. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.
b) Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð, þeim sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða og þeim sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru hálf *grunnfjárhæð* á ári.

22. gr.
Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk nema tvöfaldri *grunnfjárhæð*.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

a. Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum
b. staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks/dánarbóta. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar útfararstyrks frá félagsþjónustu Skagafjarðar.
c. tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og ein bifreið

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

23. gr.
Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

a) Vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða annarra sambærilegra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið
b) Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á húsbúnaði.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru ein *grunnfjárhæð*.

24. gr.
Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur undir lágmarksatvinnuleysisbótum (100%) í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu, enda eigi umsækjandi ekki kost á fyrirgreiðslu lánastofnana. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.
Hámark aðstoðar er tvöföld *grunnfjárhæð*.

25. gr.
Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a) Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
b) Fyrir liggi yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar, Umboðsmanns skuldara, banka eða annarra sérfræðinga um fjárhagsstöðu umsækjanda,
c) Fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur undanfarna þrjá mánuði sem eru undir *grunnfjárhæð,* eða tekjur sex undanfarna mánuði lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur (100%).

Heimilt er að veita þeim sem uppfylla ofangreind tekjumörk aðstoð til kaupa á nauðsynjum, svo sem fatnaði, eða hjálpartækum á borð við gleraugu, heyrnartæki eða öryggishnapp að því marki sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í greiðslum. Eftir atvikum skal umsækjandi leggja fram læknisvottorð eða staðfestingu annarra sérfræðinga á nauðsyn hjálpartækja. Hámark aðstoðar nemur hálfri *grunnfjárhæð.*

26. gr.
Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

Ef fyrir liggur umsókn um lögbundnar bætur hjá Trygginga- eða Vinnumálastofnun eða aðrar bætur samsvarandi, skal aðstoð vera í formi láns. Umsækjandi getur sótt um að því láni sé breytt í styrk er mismuni nemur sé niðurstaða afgreiðslu TR eða VMST undir grunnfjárhæð eða skuldastaða viðkomandi gefur tilefni til. Skal þá mál lagt fyrir Félagsmála- og tómstundanefnd.

V. kafli
Málsmeðferð
sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla
laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

27. gr.
Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Félagsmála- og tómstundanefnd berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsmála- og tómstundanefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

28. gr.
Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

29. gr.
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í Félagsmála- og tómstundanefnd kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.
Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

30. gr.
Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

31. gr.
Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

32. gr.
Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

33. gr.
Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

<u>Leiðtogi farsældar, fræðslu og ráðgjafar</u> ákvarðar aðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- Alla fjárhagsaðstoð skv. III. kafla þessara reglna og IV. kafla aðra en þá sem Félagsmála- og tómstundnefnd ákvarðar samkvæmt grein þessari.
- Bráðaaðstoð til nauðsynlegrar framfærslu sbr. 17. gr.
- Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri sbr. 18. gr.
- Styrk vegna húsbúnaðar o.fl. sbr. 20. gr.
- Aðstoð vegna sérfræðikostnaðar sbr. 21. gr.
- Útfararstyrk sbr. 22. gr.
- Aðstoð vegna sérstakra áfalla, sbr. 23. gr.
- Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika sbr. 25. gr.

Leiðtogi farsældar, fræðslu og ráðgjafar skal reglulega leggja fram yfirlit um ákvarðanir um aðstoð er hann tekur á grundvelli 1. mgr.

Félagsmála- og tómstundanefnd ákvarðar aðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð lengur en 6 mánuði miðað við undanfarna 12 mánuði
- Þegar farið er fram á að eldri lánum sé breytt í styrk, sbr. 26. gr.
- Þegar sótt er um undanþágu varðandi eignamörk skv. 11. gr.
- Þegar sótt er um námsstyrk skv. 19. gr.
- Þegar sótt er um styrk eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu skv. 24. gr.
- Þegar farið er fram á að eldri lánum sé breytt í styrk, sbr. 26. gr.
- Umsóknir um aðstoð umfram hámarksupphæðir sem tilgreindar eru í þessum reglum svo og tillögur leiðtoga farsældar, fræðslu og ráðgjafar um önnur frávik frá þeim.

34. gr.
Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Starfsmenn skulu kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að Félagsmála- og tómstundanefnd fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til nefndarinnar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félags- og tómstundanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun Félagsmála- og tómstundanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

35. gr.
Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Félagsmála- og tómstundanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Félagsmála- og tómstundanefndar.

Samþykkt í félagsmála- og tómstundanefnd 6. mars 2025 og í sveitarstjórn 12. mars 2025.
Málsnr. 2501377